

Abessinia.

—o—

Leiðinlegt er að sjá svo viða farið rangt með nafnið á landi, sem nú er mikið skrifað um. Landið heitir Abessinia en ekki Abyssinia. Á máli íbúanna heitir landið Habesj. Í þessu sambandi minnist eg þess, að Mussolini var fyrir nokkrum árum, mjög oft nefndur hertogi, bæði í útlendum blöðum og innlendum. Þetta stafaði af misskilningi á italska orðinu duce, sem þýðir leiðtogi; sbr. að Hitler er nefndur Führer; her-togi er á ítölsku duca. Úr því að á slikt er minst, má geta þess, að eg sá fyrir nokkru í útlendu blaði ferðasögu frá Grikklandi, þar sem höfundur talar um hérað er hann nefnir Meteora; getur hann þess til að nafnið muni vera leitt af því að bergið þarna sé að nokkru leyti myndað af loftsteinum (Meteoritum). En grískra orðið meteora þýðir m. a. hálendi, og af því er nafnið leitt, eins og t. d. á Skotlandi, Highlands.

Helei Pieturss.

1/3 11/10/11. 35